

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Ásahreppi, Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra.

#### *Deiliskipulag í Miðási, Ásahreppi.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Ásahrepps á fundi sínum 20. október 2009, deiliskipulag á jörðinni Miðási.

Deiliskipulagið tekur til um 54 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir íbúðarhúsi, reiðskemmu/hesthúsi og frístundahúsi auk mannvirkja tengdra þeim.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Deiliskipulag í Laufási, Rangárþingi eystra.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 17. september 2009 deiliskipulag Laufási í Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið tekur til um 4 ha svæðis. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss og reiðskemmu/hesthús.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Deiliskipulag íbúðabyggðar við Seltún á Hellu, Rangárþingi ytra.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 14. janúar 2010 deiliskipulag íbúðabyggðar við Seltún á Hellu. Deiliskipulagið nær til um 9 ha svæðis og tekur til 7 íbúða í radhúsum og fjögurra íbúða í parhúsum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Deiliskipulag í Akbraut, Rangárþingi ytra.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 20. maí 2009, deiliskipulag á jörðinni Akbraut í Holtum. Deiliskipulagið tekur til um 6 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir íbúðarhúsi og fjósi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Deiliskipulag frístundalóða í landi Skarðs/Króktúns, Rangárþingi ytra.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 10. júlí 2009 deiliskipulag frístundalóða í landi Skarðs/Króktúns í Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið nær til um 7 ha svæðis úr landi Skarðs og Króktúns í Landsveit. Deiliskipulagið nær til 2 nýrra frístundalóða í landi Skarðs og 4 nýrra lóða í landi Króktúns, auk 6 lóða í landi Skarðs þar sem þegar eru 5 eldri hús og gert ráð fyrir einu nýju.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar á Gaddstöðum, Rangárþingi ytra.*

Í samræmi við 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings ytra á fundi sínum 5. febrúar 2009, breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar á Gaddstöðum í Rangárþingi ytra.

Breytingin tekur til um 17 ha svæðis og nær til lóða nr. 6 til 10.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 22. mars 2010.*

F.h. Ásahrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra,

**Rúnar Guðmundsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings bs.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2010